

Sjúkrapróf

Íslenskukennarar á unglingastigi hafa tekið upp á þeirri nýjung að bjóða nemendum, sem missa af prófi vegna veikinda eða vilja bæta árangur sinn á prófi sem þeir hafa þegar tekið, upp á sjúkrapróf. Sjúkraprófin verða annan hvern föstudag fyrir kennslu frá 8:20-9:00. Þurfa nemendur sjálfir að skrá sig í prófið fyrir lok skóladags á miðvikudögum í sömu viku og sjúkraprófin eru.

Mæti nemandi ekki í sjúkraprófið þá stendur sú einkunn sem gefin var áður. Þessi ráðstöfun hefur mælst afar vel fyrir hjá nemendum og eru næstu sjúkraprófsdagar: 12.desember, 9.janúar, 23.janúar, 4.febrúar og 17.febrúar.